

Föstudaginn 20. febrúar 1998.

Nr. 74/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Sigurði Almari Ómarssyni

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 24. febrúar 1998 kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 17. febrúar 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Sigurði Almari Ómarssyni, kt. 231175-5479, Engjasetli 13, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 24. febrúar 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík vinnur að rannsókn þjófnaðar, þar sem hraðbanka var stolið úr forstofu húsnæðis Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð í Reykjavík aðfaranótt laugardagsins 31. janúar 1998. Samkvæmt upplýsingum eiganda hraðbankans, Búnaðarbanka Íslands, er talið, að í hraðbankanum hafi verið um 3.388.000 kr. Hraðbankinn er kominn í leitirnar ásamt þeim peningum, sem í honum voru.

Debetkort í eigu Gísla Freys Njálssonar var notað til að opna dyralæsinguna að forstofu kennaraháskólans. Dyralæsingarbúnaðurinn skráir númer þess bankakorts, sem notað er til að opna með dyr forstofunnar. Hafa vitni borið, að ofangreinda nótt hafi sést til manna vera að bjástra við að setja hlut inn í sendibífeði, en peningaskápur sá, sem farið var með af vettvangi, vegur um 460 kg.

4. febrúar sl. voru tveir menn úrskurðaðir í gæsluvarðhald til kl. 16.00 á morgun á grundvelli a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Játtaði annar þeirra 14. febrúar sl. aðild sína að þjófnaði þessum, sem hann sagðist hafa framið í félagi við kærða og tvo aðra. Hafi kærði komið til sín og beðið sig um að aðstoða sig við að útvega peninga og þeir félagar svo lagt á ráðin um þjófnaðinn og síðan hjálpast að við að fremja hann.

Kærði hefur bæði fyrir lögreglu og hér fyrir dómi neitað allri aðild að ofangreindum hraðbankaþjófnaði. Hann hefur borið að hafa verið samvistum við framangreindan Gísla Frey umrætt föstudagskvöld og fram eftir laugardegi. Með vísan til rannsóknargagna og framanritaðs verður kærði talinn vera undir rökstuddum grun um að hafa átt aðild að framangreindu broti, sem getur varðað hann fangelsi, ef sekt telst sönnuð.

Þótt liðinn sé rúmur hálfur mánuður, síðan rannsókn máls þessa hófst, er hún enn skammt á veg komin. Enn er eftir að yfirheyra betur vitni og aðra grunaða. Verður því að telja með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að nauðsynlegt sé í þágu rannsóknar málsins, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, eins og krafist er og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigurður Almar Ómarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 24. febrúar 1998 kl. 16.00.